



Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 4. mars 2010.

Fundur var haldin í Framkvæmdahóp um byggingu sundlaugar fimmtudaginn 4. mars 2010, kl. 10:00 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum. Ágúst Þór Bragason setti fundin og stjórnaði honum.

Málefni:

1. Vatnsrennibrautir
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Lagðar voru fram tillögur að vatnsrennibrautum frá þremur aðilum. Miklar umræður urðu um mismunandi lausnir og nýtingu á svæðinu. Samþykkt að ganga til viðræðna við Sporttæki um kaup á vatnsrennibrautum frá Mazur í Póllandi. Tæknideild var falið að ganga frá samningum við þá miðað við fyrirliggjandi tillögu.
2. Önnur mál:
 - a) Rætt um útfærslu á klórmælingum og lögð fram tillaga frá Vatnslausnum á útfærslu þeirra. Fjögur klórkerfi eru í lauginni og verða fjórir klórmælar sem símæla klór og bundin klór. Þá verða tveir klórmælar sem tékkmæla hina klórmælanna í klukkutíma í senn og fást með því út 6 tékkmælingar á sólarhring á hvert klórkerfi.
 - b) Rætt um möguleika á afgreiðslukerfum og aðgangshliðum. Samþykkt að ræða það nánar á næsta fundi.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 11.00.

Valgarður Hilmarsson
Guðmundur Haraldsson
Stefán Árnason

Ágúst Þór Bragason